

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS SORPSTÖÐ RANGÁRVALLAS. AÐ STRÖND

Dagsetning	21.11.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Starfsleyfi, gildir til	1.7.2018
Heimilisfang	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra
Kennitala	600893-2469	Fulltrúar fyrirtækis	Ómar Sigurðsson og Þróstur Ólafsson
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og 3 frávik staðfest. Athugasemdin varðar kvörtun um fokefni við urðunarstaðinn og er rekstraraðili kvattur til að kanna slíkt. Frávikin eru að kröfur um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar, starfsleyfistryggingu vantar og hauggassöfnun fer ekki fram að Strönd. Tilhögun mælinga á grunnvatni er samþykkt og niðurstöður eru í takt við það sem búast má við (sigvatn fer í grunnvatn) á svæði þar sem urðun fer fram. Fyrirkomulag hauggassmælinga var í lagi en Umhverfisstofnun mun senda rekstraraðila nánari fyrirmæli um framhald mælinga á árinu 2012

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, hvað snertir mælingar á vatni og hauggasi og kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma. Aðstaða og umgengni var skoðuð með Þresti Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni og var einnig haldinn fundur með þeim um rekstur staðarins almennt.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Krafa um botnpéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns á urðunarsvæðinu við Strönd hefur ekki verið uppfyllt.

Fráviki frá: Gr.3, viðauka I í reglugerð 738/2003 um verndun jarðvegs, yfirborðs-, og grunnvatns, en viðkomandi ákvæði tók gildi í júlí 2009.

Þess ber að geta að ofanefndar kröfur eru meginefni þeirrar greinargerðar sem krafist er í ákv. 1.8 í starfsleyfi rekstraraðila, en greinargerðin átti að berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2009.

Umhverfisstofnun hefur borist greinargerð frá rekstraraðila um að hann telji ekki þörf á botnpéttingu og söfnun sigvatns. Umhverfisstofnun hefur svarað þeirri greinargerð í bréfi dagsettu 30. apríl 2012.

Frávik 2:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um starfsleyfistryggingu fyrir urðunarstaðinn að Strönd.

Frávik frá: Ákvæði 4.8 í starfsleyfi, en samkvæmt því skal rekstraraðili leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, sjá nánar gr. 17 í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs.

Frávik 3:

Talsvert magn lífræns úrgangs (helst sláturúrgangur) hefur verið urðaður að Strönd, en hauggassöfnun fer ekki fram á staðnum. Á þetta var einnig bent í síðustu eftirlitsskýrslu.

Frávik frá: Lið 4, viðauka I. í reglugerð nr.738/2003, um urðun úrgangs en hauggassöfnun átti að hefjast þann 16. júlí 2009. Þá er rekstraraðila skylt að nýta hauggasið eða eyða því ef nýting er ekki möguleg.

Rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun niðurstöður hauggasmælinga, en tilhögun hauggassöfnunar á Strönd hefur ekki verið útkljáð. Bent er á að hægt er að sækja um undanþágu frá gassöfnun til Umhverfisráðuneytisins.

Athugasemd 1:

Umhverfisstofnun hefur borist kvörtun um fokefni frá urðunarsvæðinu að Strönd. Í eftirliti síðustu ár hafa ekki sést fokefni að neinu ráði. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að fara yfir hvort fokefni sé að finna í nágrenni og hreinsa þau upp eftir þörfum.

Önnur atriði:

Umhverfisstofnun gerði í síðasta eftirliti athugasemd við geymslu heyrúlluplasts að Strönd. Rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun tillögu að tilhögun móttöku og geymslu heyrúlluplasts að Strönd og hefur hún verið samþykkt. Þá var gerð athugasemd við urðun lífræns úrgangs umfram heimild árið 2010. Í svari rekstraraðila kemur fram að leitast verði við að draga úr urðun lífræns úrgangs framvegis. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi minna á heimild rekstraraðila til endurvinnslu lífræns úrgangs sjá ákvæði 1.2 og 2.7 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun gerði einni athugasemd við geymslu bíla á urðunarstaðnum. Umhverfisstofnun hefur fengið áætlun frá rekstraraðila um að bílarnir verði fjarlægðir. Umhverfisstofnun hefur samþykkt þessa áætlun og mun skoða framvindu í reglubundnu eftirliti.

Gerðar voru mælingar á hauggasi á urðunarsvæðinu árið 2011. Umhverfisstofnun mun senda rekstraraðila nánari fyrirmæli um framhald mælinga þessa árs.

Reykjavík, 15.5.2011

f.h. eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.